

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Suðureyrar.

216
15. des.

I. RAFORKA

Rafveita Suðureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 0.75 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 0.50 á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar herbergja í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Til nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kw.mæli á kr. 1.00 hverja kwst.

2. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50—200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

<i>Rúmmál húss m³:</i>	<i>Heimtaugargjald jarðstrengs:</i>
Frá 0 allt að 100	kr. 500.00
— 100 — — 150	— 575.00

216
15. des.

<i>Rúmmál húss m³:</i>	<i>Heimtaugargjald jarðstrengs:</i>
Frá 150 allt að 200	kr. 650.00
— 200 — — 250	— 725.00
— 250 — — 300	— 800.00
— 300 — — 350	— 900.00
— 350 — — 400	— 1000.00
— 400 — — 450	— 1100.00
— 450 — — 500	— 1200.00
— 500 — — 550	— 1300.00
— 550 — — 600	— 1400.00
— 600 — — 650	— 1500.00
— 650 — — 700	— 1600.00
— 700 — — 750	— 1700.00
— 750 — — 800	— 1800.00
— 800 — — 850	— 1900.00
— 850 — — 900	— 2000.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstrengsheimtaug. Sé jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 40 m eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaug eftir samningi. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar hún hefur verið tengd við raflög hússins.

Rafveitan lætur gera skrá yfir öll hús í kaптúninu, er tilgreinir rúmtak þeirra, þar með ris og kjallara, allt miðað við utanmál.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að tuttugu af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hún breytinguna í Lögbirtingabaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Suðureyrar, nr. 78 31. ágúst 1931.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.